

breytingar á þeim lögum og skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

10. nóvember 1974.

Nr. 334.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með ákveðið, að bifreiðastöður skuli vera bannaðar á Selvogsgötu frá Suðurgötu, 10 metra upp fyrir Brekkugötu og nær bannið til beggja hliða götunnar.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. nóv. 1974.
Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 10. nóvember 1974.

Einar Ingimundarson.

11. nóvember 1974.

Nr. 335.

AUGLÝSING

um umferð í Húsavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Húsavíkur, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur til vesturs verður um Höfðaveg frá Héðinsbraut að Laugarbrekku. Akstur vörubifreiða bannaður.
2. Einstefnuakstur til norðurs verður um Túngötu frá Uppsalavegi að Árgötu. Akstur vörubifreiða bannaður.
3. Einstefnuakstur verður um Uppsalaveg frá Garðarsbraut að Baughól.
4. Bifreiðastöður vestan Garðarsbrautar frá húsinu nr. 6 að húsinu nr. 10 verða takmarkaðar við 30 mínútur.
5. Stöðvunarskylda verður við eftirfarandi gatnamót:
 - a) Á Hjarðarhól við Garðarsbraut.
 - b) Á Árgötu við Garðarsbraut.
 - c) Á Vallholtsvegi við Garðarsbraut.
 - d) Á Baldursbrekku við Héðinsbraut.
6. Eftirfarandi götur hafa aðalbrautarrétt: Uppsalavegur af Holtagerði, Baughóll af Uppsalavegi, Álfhóli og Hjarðarhóli, Fossvellir af Baughól, Sólvöllum, Iðavöllum og Brávöllum, Mararbraut af ónefndri götu við Múla s/f og af Upp-